

Nr. 12/1903:

W. Ó. Breiðfjörð

gegn

Oddi Gíslasyni fyrir hönd Örsteds
Parkens Kuranstalt í Kaup-
mannahöfn.

D ó m u r:

Þegar mál þetta átti að taka fyrir í yfir-
dóminum 30. f. m. samkvæmt áfrýjunarstefnunni,
mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi.
Stefndi mætti aftur á móti í réttinum þennan
dag, og kvaðst vera kominn þar samkvæmt
stefnunni, og krafðist kosts og tæringar hjá á-
frýjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina
og dæma áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—34
til að greiða stefnda í þessu skyni 6. krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn W. Ó. Breiðfjörð kaupmað-
ur greiði stefnda Oddi yfirréttarmálaflut-
ningsmanni Gíslasyni 6 — sex — krónur, er
lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms
þessa að viðlagðri aðför að lögum.